



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi  
Hildur Njarðvík  
nefndarritari  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2001  
Tilvísun : 2001110032

Með bréfi Alþingis, dagsettu 21. nóvember s.l., var óskað eftir umsögn Barnaverndarstofu við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 69, 1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

Frumvarpið, sem er 60. mál þingsins, gerir ráð fyrir að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem hljóði svo:

*"Heimilt er að víkja frá skilyrði 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I ef gildar ástæður eru fyrir hendi að mati bótanefndar. Í þeim tilvikum þar sem bótanefnd hefur hafnað umsókn um greiðslu bóta á grundvelli 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I er henni heimilt að endurskoða ákvörðun sína berist um það ósk frá umsækjanda. Umsókn um bætur eða beiðni um endurskoðun ákvörðunar skal hafa borist bótanefnd innan árs frá gildistöku þessa ákvæðis.*

Þá er gert ráð fyrir að lögin taki þegar gildi.

Í gildandi lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota er eitt ákvæði til bráðabirgða, þrjár málsgreinar, og er ákvæðið ekki einkennt með tilvísun til greinanúmers, hvorki í tölustöfum né rómverskum tölum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að nýtt bráðabirgðaákvæði bætist við lögin, þ.e. ekki ný málsgrein við bráðabirgðaákvæði laganna, og gerir einnig ráð fyrir að gildandi bráðabirgðaákvæði hafi númerið "I". Ekki er gert ráð fyrir að nýja bráðabirgðaákvæðið verði tölusett í samræmi við það, eða "II". Verður að telja þetta gera notendum ákvæðanna, ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt, erfitt fyrir. Eðlilegra væri að frumvarpið bæri með sér samkvæmni að þessu leyti.

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. að í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi sem varð að lögum nr. 118, 1999, komi fram að lögunum sé "fyrst og fremst ætlað að styrkja réttarstöðu barna sem þolenda afbrota og þá alveg sérstaklega þeirra barna sem þolað hafi kynferðislegt ofbeldi, en jafnframt sé gert ráð fyrir að önnur tilvik geti réttlætt frávik. Gert er ráð fyrir að sú undantekningarheimild sem hér sé lögð til, nái til sömu tilvika og 3. mgr. 6. gr., en jafnframt að heimild þessi verði rýmri í þeim skilningi að fleiri tilvik gætu fallið undir tilvikið en unnt er að heimfæra undir 3. mgr. 6. gr."

Í greinargerð með lögum nr. 69, 1995 kemur fram, að sú nefnd sem vann að samningu laganna, var skipuð til þess að athuga hvort taka eigi upp það fyrirkomulag,



að ríkissjóður ábyrgist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota. Eftir að nefndin hafði kynnt sér stöðu mála á hinum Norðurlöndunum um sams konar lög, taldi nefndin að umboð sitt samkvæmt skipunarbréfi væri mjög þröngt, þ.e. að einungis væri miðað við dæmdar bætur og að miðað væri við kynferðisbrot og önnur gróf ofbeldisbrot. Að höfðu samráði við dómsmálaráðherra var ákveðið að umboð nefndarinnar yrði rýmkað. Var þannig miðað við það í lögum að markmið laganna væri að styrkja stöðu brotþola með þeim hætti, að ríkissjóður greiði bætur fyrir líkamstjón og miska sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum, svo og fyrir tjón á munum sem leiðir af slíku broti. Má af þessu sjá, að greinargerðin með frumvarpinu nú og greinargerð með lögum nr. 118, 1999 gerir ráð fyrir mun þrengri skilgreiningu á markmiðum laganna en reyndin er skv. lögum nr. 69, 1995 og greinargerð með þeim. Barnaverndarstofa vill minna á að börn verða fyrir fleiri brotum en kynferðisbrotum.


Þegar lagabreytingartillagan sem frumvarpið gerir ráð fyrir er skoðuð með hliðsjón af 20. gr. laga nr. 69, 1995, er ljóst að gert er ráð fyrir að brotþolar geti sótt um bætur til bótanefndar vegna brota sem framin eru á tímabilinu frá 1. janúar 1993 til 1. júlí 1996. Í 1. 6. gr. laganna kemur fram það skilyrði bóta, að brot sem tjón er rakið til, hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu og að gerð hafi verið krafa um skaðabætur úr hendi brotamanns. Í 3. mgr. 6. gr. er gert ráð fyrir að víkja megi frá því skilyrði, og mun tilgangur þess ákvæðis hafa verið sá, að börn sem brotþolar geti komið umsókn um skaðabætur á framfæri við ríkissjóð án þess að brot það, sem bótakrafan er reist á hafi verið kært til lögreglu, eða að bótakrafa hafi verið höfð uppi innan tveggja ára frá verknaði. Frumvarpið mælir fyrir um að lögfest verði rýmri regla en 3. mgr. 6. gr. kveður á um. Verður því að gera ráð fyrir að ekki sé ætlast til þess að brot þau, sem bótakrafan er reist á, hafi verið eða verði kærð til lögreglu, enda er ljóst að í mörgum tilfellum eru brot, sem framin eru á þessu tímabili, fyrnd varðandi refsikröfu. Í 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga segir, að fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194. til 202. gr. laganna teljist frá þeim degi er brotþoli nær 14 ára aldri. Ef miðað er við að brotþoli hafi náð 14 ára aldri 1. júlí 1996, er ljóst að brot samkvæmt þessum ákvæðum eru í mörgum tilvikum fyrnd. Fyrningarfrestur vegna annarra ofbeldisbrota telst frá þeim degi, sem refsiverðum verknaði eða athafnaleysi lauk. Ljóst er að þar eru einnig mörg brot fyrnd.

Í 14. gr. laganna er fjallað um heimild bótanefndar til að krefjast upplýsinga frá tjónþola, upplýsinga frá öðrum, óska eftir læknisrannsókn á tjónþola, óska eftir upplýsingum úr sjúkraskrá og að krefjast yfirheyrslna fyrir dómi. Þegar um gömul tilvik er að ræða, liggur oft ekki annað fyrir en framburður tjónþola sjálfs. Ef svo vill til að tjónþoli hafi á sínum tíma leitað læknis vegna ofbeldisbrots, yrði læknisvottorð þó til að styrkja stöðu hans. Vitnaframburður um gömul tilvik gefur oft takmarkaða sýn á atburði. Með hliðsjón af ofangreindu verður að telja að erfitt geti verið að komast að niðurstöðu um málsatvik um allt að 8 ára gömul mál, sem jafnvel hafa ekki verið kærð á sínum tíma og takmörkuð gögn kunna að vera til um.

Þó gera megi ráð fyrir, að börn sem hafi orðið fórnarlömb ofbeldisverka á tímabilinu frá 1. janúar 1993 til 1. júlí 1996 séu nú mörg hver komin af barnsaldri og þrátt fyrir allt ofangreint telur Barnaverndarstofa að í mörgum tilvikum geti sú breyting, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, komið börnum til góða, og styður því framgang þess.



Virðingarfyllst  
f.h. Barnaverndarstofu

  
Elín Vigdís Hallvarðsdóttir